

Aðalfundur Félags starfsmanna Alþingis

26. febrúar 2021, kl. 14.30

fjarfundur

1. Fundarsetning

Formaður FSA, Díaná Rós A. Rivera, setti fundinn og stakk upp á Jörundi Kristjánssyni sem fundarstjóra. Það var samþykkt og tók hann við stjórn fundarins. Þá var einnig samþykkt að Heiðrún Pálsdóttir yrði ritari fundarins.

2. Skýrsla stjórnar

Díaná Rós A. Rivera, formaður FSA, flutti skýrslu stjórnar. Stjórnarmenn voru auk hennar Laufey Einarsdóttir gjaldkeri, Erla Ósk Benediktsdóttir meðstjórnandi, Karítas Ríkharðsdóttir varaformaður, og Ómar Örn Hauksson ritari. Þegar Karítas lét af störfum tók Gunnþóra Elín Erlingsdóttir við af henni, en hún var áður varamaður ásamt Sigurlaugu Skaftadóttur McClure. Díaná fór yfir helstu viðburði síðasta árs, sem var mjög óvenjulegt fyrir FSA eins og alla aðra. Ekki var hægt að halda margar skemmtanir í raunheimum en stjórnin dó ekki ráðalaus og gladdi starfsmenn með marvíslegum hætti; fjar-bingói, fjar-zumba, fjar-bókakynningu og ostakörfu. Fyrir jólin fengu starfsmenn svo jólagjöf frá FSA, 5000 kr. gjafabréf á veitingastöðum í miðbænum. Kjaraviðræður hófust í mars og sátu Díaná og Gunnþóra í samninganefndinni fyrir hönd starfsmanna. Eftir langt og strangt ferli var samningur kynntur fyrir starfsmönnum og í kjölfarið samþykktur í atkvæðagreiðslu sem fram fór í maí. Stjórn FSA var fengin til að skila umsögn til SEN um þau atriði sem þyrftu að breytast svo vinnuumhverfið á Alþingi yrði fjölskylduvænna. Þá tók stjórnin einnig þátt í fundi vinnuhóps um styttingu vinnuvikunnar.

3. Endurskoðaðir reikningar

Laufey Einarsdóttir, gjaldkeri FSA, gerði grein fyrir endurskoðuðum reikningum félagsins. Þeir voru birtir á vef FSA. Sjá:

<https://innri.althingi.is/media/almennt/FSA-arsreikningur-2020.pdf> Þeir verða jafnframt aðgengilegir í One-skjalakerfinu.

Umræður sköpuðust um fjárhagsstöðu félagsins. Framlag skrifstofu Alþingis hefur ekki hækkað í nokkur ár en útgjöld félagsins hafa aukist, aðallega vegna þess að íþróttastyrkir hafa hækkað verulega, og félagið hefur verið rekið með tapi undanfarin ár. Áformað er að semja um hærra framlag við skrifstofuna. Skýrslur stjórnar og reikningar félagsins voru borin upp til atkvæða í einu og samþykkt einróma.

4. Skýrslur nefnda

a. Skýrsla Orlofssjóðs

Steinunn Haraldsdóttir flutti skýrslu Orlofssjóðs FSA og Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2020, en í nefndinni voru auk hennar Garðar Adolfsson, Guðný Vala Dýradóttir, Guðbrandur Leósson og Gestur Páll Reynisson. Varamaður var Laufey Einarsdóttir. Tekjuafgangur ársins var 3.341.000 kr., eigið fé í árslok var 25.322.000 kr. og inneign á almennum bankareikningum 18.316.000 kr. Árið 2020 var bæði annasamt og óvenjulegt, meiri ásókn var í bústaðina og var um 40% aukningu að ræða frá árunum áður. Allar helgar voru leigðar út og einnig nokkuð um virka daga. Að venju var boðið upp á veiðikort, útilegukort, hótलगistimiða og gjafabréf hjá Icelandair Connect og Icelandair. Farið var að bjóða upp á ferðaávísanir í samstarfi við orlofshúsakerfið Frímann. Framlag ríkissjóðs í Orlofssjóð FSA-RE hækkaði úr 0,3% af fullum launum félagsmanna í 0,5%. Tekjuaukningin var forsenda þess að ákveðið var að taka á leigu orlofshús á Akureyri sl. haust og útleiga á því hófst í desember 2020. Reikningar sjóðsins voru eru ekki áritaðir og því ekki hægt að leggja þá fram.

b. Skýrsla starfsmenntunarsjóðs

Jörundur Kristjánsson flutti skýrslu Starfsmenntunarsjóðs og fram kom að haldnir voru þrír fundir á árinu og úthlutað var 4.906.541 kr. vegna 100 umsókna. Tæplega 3 millj. kr. var úthlutað vegna umsókna um starfsmenntunarstyrki og tæplega 2 millj. kr. vegna umsókna um tómstundastyrki. Þær breytingar voru gerðar að fundirnir eru pappírslausir og ekki lengur birt hverjir fengu styrk til hvaða verkefna vegna persónuverndarsjónarmiða. Þá var starfsreglum breytt þannig að ekki er lengur gerð krafa um fastráðningu við úthlutun heldur er nóg að viðkomandi hafi greitt framlag í 6 mánuði. Nýjar reglur fyrir sjóðinn voru samþykktar af yfirstjórn skrifstofunnar í nóvember sl. og undirritaðar, að loknu samráðs- og umsagnarferli, 16. febrúar sl. af formönnum starfsmannafélaga embættanna þriggja og skrifstofustjóra Alþingis. Breytingar voru m.a. gerðar á stjórn sjóðsins, áður voru í henni tveir fulltrúar starfsmannafélaga og tveir skipaðir af skrifstofustjóra Alþingis. Núna eru þrír í stjórn og eru þeir allir fulltrúar starfsmannafélaga. Endurskoðaðir reikningar eru ekki tilbúnir þannig að ekki var hægt að leggja þá fram til samþykktar. Þeir verða settir inn á Hakið um leið og þeir eru frágengnir og tilkynning send starfsmönnum. Í hinni nýju stjórn eru Inga Valgerður Stefánsdóttir frá Alþingi, Elísabet Stefánsdóttir frá Ríkisendurskoðun og Lárus H. Bjarnason frá umboðsmanni.

c. Skýrsla Fjölskyldu- og styrktarsjóðs.

Elín Valdís Þorsteinsdóttir flutti skýrslu Fjölskyldu- og styrktarsjóðs.

Fimm úthlutunarfundir voru haldnir á árinu 2020. Greiddir voru út 90 styrkir, þar af sjö fæðingarstyrkir, og eru það fleiri en áður. Heildaruppæð styrkja var um 14 millj. kr. og stærsti hlutinn er sjúkradagpeningagreiðslur. Minnt var á að allar styrkveitingar eru skattskyldar. Endurskoðaðir reikningar voru kynntir, en þá er að finna á vef FSA. Stjórn FOS skipa Elín Valdís Þorsteinsdóttir, Hildur Edwald og Jón Magnússon. Varamenn eru Guðný Vala Dýradóttir og Kristel Flygenring.

d. Skýrslur annarra nefnda

Aðrar nefndir kvöddu sér ekki hljóðs.

5. Lagabreytingar

Engar óskir um lagabreytingar bárust stjórn FSA fyrir fundinn.

6. Félagsgjald

Engar breytingar.

7. Kosning formanns

Hildur Edwald bauð sig fram til formanns og var hún kjörin einróma.

8. Kosning meðstjórnenda og varamanna

Í framboði voru: Axel Viðar Egilsson, Leifur Gunnarsson, Ívar Már Ottason, Sigrún Gautsdótti. Sólveig Skaftadóttir og Sigurlaug Skaftadóttir McClure buðu sig fram til varamanns. Voru þau kjörin einróma. Stjórnin skiptir með sér embættum á fyrsta stjórnarfund

9. Kosning skoðunarmanna og varamanns

Guðlaug Íris Þráinsdóttir og Eggert Jónsson gáfu kost á sér og voru þau kjörin einróma. Heiðrún Pálsdóttir var kjörin sem varamaður.

10. Kosning í nefndir

Orlofssjóður.

Steinunn Haraldsdóttir var kjörin var til tveggja ára og Laufey Einarsdóttir var kjörin varamaður til eins árs. Áfram verða Guðný Vala Dýradóttir og Garðar Adolfsson sem voru kjörin í fyrra.

Starfsmenntunarsjóður.

Aðalmaður fyrir hönd skrifstofu Alþingis, kosinn til tveggja ára, Inga Valgerður Stefánsdóttir og varamaður Þorbjörg Árnadóttir.

Fjölskyldu- og styrktarsjóður

Í framboði voru Elín Valdís Þorsteinsdóttir, Jón Magnússon og Hildur Edwald og voru þau kjörin einróma til tveggja ára. Varamenn voru kjörnar Guðný Vala Dýradóttir og Kristel Finnbogadóttir Flygenring

Skemmtinefnd

Laufey Einarsdóttir og Dían Rós A. Rivera gáfu kost á sér og voru þær kjörnar einróma.

Kjaranefnd

Í framboði til áframhaldandi setu voru Ólafur Elfar Sigurðsson, Ingvi Stígsson og Gunnþóra Elín Erlingsdóttir. Voru þau endurkjörin einróma.

Öryggisfulltrúar

Í framboði Hildur Edwald og Jóhann Örn Sigurjónsson og voru þau kjörin einróma.

Eftirlit með rekstri mótuneytis

Í framboði voru Ólafur Elfar Sigurðsson og Jón Magnússon til áframhaldandi setu og voru þeir endurkjörnir einróma:

11. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið.